

**Ed.** **562. Frumvarp til laga** [110. mál]  
um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. apríl.)

1. gr.  
Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Á árunum 1968 og 1969 skal greiða  $\frac{1}{4}\%$  viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félagsins við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.